



AP-08/09-6

## **6. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2008-2009,

haldinn á Hótel Norðurljós á Raufarhöfn, 15. desember 2008, kl.10:00.

Mættir: Björn Ingimarsson formaður setti fund og stjórnaði honum, Aðalsteinn Á. Baldursson, Birna Björnsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Pétur Snæbjörnsson og Sigurgeir Höskuldsson.

Enn fremur sátu fundinn starfsmenn félagsins, Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri og Gunnar Jóhannesson sem ritaði fundargerð.

### **1. Samningur við iðnaðarráðuneytið um yfirtöku eigna Kísilgúrsjóðs**

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri áttu nýlega ágætan fund með fulltrúum iðnaðarráðuneytisins þar ræddar voru forsendur og næstu skref í framhaldi af því að Kísilgúrsjóður verður lagður niður. Frumvarp þess efnis liggur nú fyrir Alþingi og vonast er eftir að það verði samþykkt fyrir áramót. Í framhaldi af fundinum voru unnin drög að samningi milli AP og iðnaðarráðuneytisins sem eru nú til skoðunar. Stjórnin samþykkir þessi drög eins og þau liggja fyrir.

### **2. Samningur við iðnaðarráðuneytið um verkefni í heilsutengdri ferðaþjónustu**

Ein af tillögum Norðausturnefndar, sem lagðar voru fram fyrr árinu, fjallar um heilsutengda ferðaþjónustu. Í samræmi við það sem þar kemur fram hefur verið gert ráð fyrir að þetta verkefni verði unnið í umsjón AP. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri AP áttu nýlega fund í iðnaðarráðuneytinu þar sem útfærsla þessarar tillögu var rædd. Í framhaldi af því voru unnin drög að samningi milli AP og iðnaðarráðuneytisins sem nú eru til skoðunar. Stjórnin leggur áherslu á að meginmarkmiðið með þessu verkefni er að stuðla að nýjum störfum eða aukinni starfssemi, sem byggir þá m.a. á mikilli undirbúningsvinnu heimaaðila á undanförunum árum. Stjórnin samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi með tilteknum breytingum þannig að markmiðverkefnisins að til verði atvinnuskapandi rekstrareiningar komi skýrt fram.

### **3. Rekstraráætlun 2009**

Fyrir liggja drög að rekstraráætlun AP fyrir 2009. Framkvæmdastjóri fór yfir forsendur þessarar vinnu en mikil óvissa er þó um ýmsa þætti m.a. vegna fjárlagagerðar Alþingis. Nokkuð var rætt um ýmsa liði m.a. hlutverk og aðkomu AP að fyrirferðarmiklum verkefnum t.d. kynningar- og markaðsmálum fyrir Norðausturland. Tímabátturinn er þar mikilvægur þ.e.a.s. að hlutverk AP er fyrst og fremst að stuðla að nýsköpun eða að koma álitlegum verkefnum af stað, en koma þeim jafnframt í hendur framtíðar rekstraraðila eins fljótt og aðstæður leyfa. Einn af styrkleikum félagsins er að koma að samstarfsverkefnum þar sem það á við. Í samræmi við ýmsa varnagla framkvæmdastjóra í kynningu á fyrirbyggjandi drögum leggur stjórnin áherslu á að vinna þarf áfram með þessi drög í samræmi við umræðu á fundinum og leggja fram endurskoðuð á næsta fundi. Jafnframt að öll sérverkefni hafi vel skilgreinda verkefnislýsingu, markmið, og kostnaðar- og tímaramma sem lagt er fyrir stjórn sem hluta af áætlanagerð félagsins. Sem fyrst þarf að fá svör við ýmsum spurningum til að geta útfært nánar nokkra stóra liði í samræmi við raunveruleikann sem félagið stendur frammi fyrir, m.a. gjörbreytt efnahagsástand í landinu.

*Að loknum þessum lið var gert matarhlé.*

### **4. Vaxtarsamningur Norðausturlands 2009**

Umræða um vaxtarsamninginn fór fram undir 3. dagskrárlíð. VNA verður til nánari umfjöllunar á næsta stjórnarfundi þ.m.t. tímasetning fyrir auglýst umsóknarferli.

### **5. Bankaviðskipti félagsins**

Farið yfir fyrirkomulag bankaviðskipta AP sem í dag eru á tveimur stöðum. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir í samræmi við umræðu á fundinum.



AP-08/09-6

## 6. Önnur mál

- a. **Ráðningarbréf endurskoðenda.** Fyrir fundinum liggur bréf frá PricewaterhouseCoopers hf sem er formleg framsetning á þjónustu endurskoðenda. Rætt um fyrirkomulag endurskoðunar en umfangið hefur vaxið á undanförunum árum með tilheyrandi auknum kostnaði.
- b. **Samstarf við sveitarfélög.** Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundum með sveitarfélögunum til að ræða ýmis mál sem snerta samstarf sveitarfélaga og AÐ.
- c. **Kynningarmál AÐ.** Rætt um nauðsyn þess að félagið komi betur á framfæri hverju félagið er að sinna á hverjum tíma og hverju það fær áorkað. Vinna þarf að því að félagið sé sýnilegra og komi enn betur á framfæri upplýsingum um helstu verkefni og áherslur. Ein af hugmyndum er að tengja vefsíðu félagsins við vefsíður sveitarfélaga og reyna að samnýta jafnframt fleiri miðla sem gefnir eru út í héraðinu.

Næsti stjórnarfundur verður ákveðinn síðar þegar nánari upplýsingar liggja fyrir vegna áætlanagerðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:15.

Að loknum stjórnarfundum skoðuðu fundarmenn Óskarsstöð og Hestamiðstöðina á Raufarhöfn undir leiðsögn Einars Sigurðssonar og framkvæmdir við aðstöðusköpun fyrir Álfastein í fyrrum húsnæði Síldarvinnslunnar undir leiðsögn Pálínu Valsdóttur.